

Mál nr. 23/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskylduþryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 19.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 11.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 31.1.2017, ásamt gögnum.

Tölvupóstur M, dags. 16.2.2017.

Málsatvik.

M ritaði undir tjónstilkynningu til V 12. janúar 2016 þar sem eftirfarandi kemur fram: „Fékk aðsvif og datt fram fyrir sig, m.a. á andlitið.“ Í slysavottorði tannlæknis dags. 19. janúar 2016 kemur fram að M hafi fengið aðsvif og dottið á andlitið.

M gerir kröfu um bætur úr slysátryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V og telur að ekkert í gögnum málsins bendi til einhvers konar innri veiklunar. Auk þess bætir M við í skýringum í tölvupósti dags. 16. febrúar sl. að orsakir falls síns séu óljósar og hún hafi ekki sjálf fyllt út tjónstilkynningu til V heldur dóttir hennar. Einnig bendir M á að hún eigi enga sögu um að hafa fengið aðsvif oft og eigi því frekar að njóta vafans vegna atvika málsins en V og vísar til langrar viðskiptasögu við félagið. Auk þess gagnrýnir M mistök sem V varð á í bréfasendingum V til sín.

V telur að sannað sé af gögnum málsins að orsök þess að M hafi fallið hafi verið sú að hún fékk aðsvif. Slíkan atburð telur V ekki falla undir skilgreiningu í vátryggingarskilmálum slysátryggingar fjölskylduþryggingar M. Þar komi fram skilgreining á slysi sem felur í sér að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða og atvik þau sem leiddu til meiðsla á líkama M hafi ekki verið vegna utanaðkomandi atburðar heldur megi rekja þau til innra ástands í líkama M sem leitt hafi til aðsvifs. Það sé almennt ekki talið til utanaðkomandi atburðar í skilgreiningu á umræddu slyshugtaki og því falli atvikið utan vátryggingaverndar M hjá V.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um þá slysátryggingu sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í fristundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Þá kemur fram í 3. gr. skilmálanna að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hvort M hafi fallið í gólfíð og orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.

M segist sjálf ekki skýringu á því hvers vegna hún féll í gólfíð, en í tjónstilkynningu kemur fram að hún hafi fengið aðsvif. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið með ótvíræðum hætti hver hafi verið orsök fallsins en þó er einnig vísað til aðsvifs í þeim gögnum. Þá verður ekki annað ráðið en M hafi ekki verið með yfirliðatilfinningu í aðdraganda þess að hún féll eða haft önnur einkenni sem gátu verið fyrirboðar fallsins. Ekki verður fram hjá því horft að M varð fyrir meiðslum er hún skyndilega féll í gólfíð og náði ekki að bera hendur fyrir sig og sjálf hefur hún gefið þá skýringu að trúlega hafi hún fengið aðsvif. Þegar til þessa er litið verður að telja líkur þess að fallið megi rekja til ástands í líkama hennar svo yfirgnæfandi að nægilega telst sannað að fallið verði rakið til þess. Að svo vöxnu verður ekki talið að M hafi fallið í gólfíð af völdum utanaðkomandi atburðar. Hún hefur því ekki hlotið meiðslin vegna slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.